

Borgarstjórn
20. nóvember 2018

Tillaga um að kanna kostnað vegna viðburða, skemmtana og ferða á vegum grunnskóla borgarinnar

Lagt er til að skóla- og frístundasvið kanni hve mikill kostnaður var innheimtur af börnum og foreldrum og/eða forráðamönnum þeirra á síðasta ári vegna skemmtana, viðburða og ferða á vegum grunnskóla borgarinnar. Óskað er eftir upplýsingum um fjölda þeirra barna sem tóku þátt í skemmtunum, viðburðum og ferðum á vegum grunnskólanna á síðasta ári og fjölda þeirra sem ekki tóku þátt. Með því má áætla heildarkostnað fyrir þátttöku allra grunnskólabarna í öllum skemmtunum, viðburðum og ferðum á vegum skólanna. Óskað er eftir þessum upplýsingum svo hægt sé að meta það hvort innleiða megi þann lið inn í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, svo að félagslegir viðburðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálsir. Hér er mikilvægt að taka fram að um er að ræða alla þá viðburði sem eru á einn eða annan hátt á vegum grunnskólanna, þ.m.t. skólaferðir, dansleiki, bekkjarkvöld og viðburði foreldrafélaga. Þá er einnig óskað eftir því að skóla- og frístundasvið kanni hvort munur sé á milli hverfanna í borginni hvað varðar útlagðan kostnað nemenda og foreldra og/eða forráðamanna þeirra vegna viðburða, skemmtana og ferða.

Greinargerð

Ýmsir viðburðir fara fram á vegum grunnskóla borgarinnar þar má nefna dansleiki, skemmtanir og ferðalög sem foreldrar/forráðamenn eða börn þurfa að greiða fyrir. Þó að oft sé vísað til þess að kostnaði sé haldið í lágmarki, þá er það samt sem áður oft mikið gjald fyrir þá sem hafa ekkert á milli handanna. Því miður er staða margra barna á þann veg að þau búa á heimilum þar sem foreldrar þeirra eru fátækir og slíkt getur leitt til þess að börn séu ófær um að taka þátt í skemmtunum og viðburðum á vegum skólans. Markmið okkar á alltaf að vera það að útrýma fátækt svo að enginn búi við slæm kjör en á meðan að börn finna fyrir stéttaskiptingu innan veggja skólans þá er mikilvægt að tryggja að starfsemi grunnskólanna sé opin öllum börnum og staður þar sem þau upplifi það ekki að koma af efnaminni heimilum en önnur börn. Börn hafa engar tekjur og því ætti ekki að rukka þau fyrir þátttöku í félagslegu starfi borgarinnar. Öll þjónusta borgarinnar gagnvart börnum á að byggja á því að þeim sé ekki mismunað á grundvelli fjárhagsstöðu foreldra eða forráðamanna sinna.

Útgjaldakostnaðurinn vegna félagslífs barna í skólum getur verið misjafn en þar má nefna ýmsa þætti líkt og bekkjarkvöld, þar sem bekkurinn gerir eitthvað skemmtilegt saman, allt frá því að vera skemmtun sem er að kostnaðarlausu yfir í hugmyndir sem kosta. Þá þekkest það einnig að aðgangseyrir sé á viðburði grunnskólanna líkt og á böll og árshátíðir og að sjoppur séu starfrækar á félagslegum viðburðum, þar sem nauðsynlegt er að mæta með pening til að kaupa snarl. Ágóði af þeim viðburðum virðist oft renna til fjáröflunarsjóðs vegna nemendaferða grunnskólabarnanna. Innan grunnskóla borgarinnar hefur myndast rík hefð fyrir bekkjarferðum þar sem grunnskólabörn fara oft í skólabúðirnar að Reykjum í Hrútafirði í 7. bekk og á ungmennabúðirnar Laugar í Dalabyggð í 9. bekk. Þar hleypur kostnaðurinn oft á tugum þúsunda fyrir hvert barn. Ferðir á vegum grunnskóla virðast oft að mestu greiddar af foreldrum og nemendum með fjáröflun nemendanna sem byggir á sölu á allskyns varningi líkt og lakkrís og klósettpappír. Vinir og vandamenn kaupa þá varning af nemendum og foreldrum þeirra til að fjármagna ferðina. Árangur fjáraflana er að miklu leyti háður því að barnið og foreldri eða foreldrar þess hafi gott félagslegt tengslanet á bak við sig sem geti stutt við þessa fjáröflun. Innan veggja grunnskólanna virðast víða hafa myndast þær óskráðu reglur um að ef barn hafi ekki kost á því að safna fyrir eða greiða fyrir ferð sína með

bekknum séu málin leyst á annan hátt, þ.e.a.s. að skólinn sjái um að leggja út fyrir kostnaðinum. Slíkt getur þó verið háð því að foreldrið leiti til skólans og skýri frá fjárhagsstöðu sinni, sem geta verið þung skref fyrir marga, sérstaklega ef það er ekki tekið fram opinberlega sem valmöguleiki sem standi foreldrum til boða.

Hefð hefur víða myndast fyrir útskriftarferð 10. bekkjar og oftast en ekki virðast nemendur, foreldrar þeirra og foreldrafélög sjá um fjáröflun fyrir þær ferðir. Ýmsir viðburðir hafa verið skipulagðir innan veggja skólanna sem eru hugsaðir sem fjáröflun fyrir útskriftarferð 10. bekkja. Þar virðist því oft ætlast til þess að gjaldtaka á viðburðum barna, sé leið til þess að fjármagna þessar nemendaferðir. Ýmsir viðburðir eru valkvæðir en það er erfitt fyrir börn að geta ekki tekið þátt í félagslegum viðburðum, sökum þess að það er ekki til peningur á heimilinu. Því er mikilvægt að allur þessi kostnaður sem lendir á börnum og foreldrum þeirra verði kannaður og leitast við að gera félagslega viðburði á vegum grunnskólanna gjaldfrjálsa. Það getur verið dýrt að vera barn í dag og því mikilvægt að kanna þann kostnað sem fellur á þau og forráðamenn/foreldra þeirra vegna viðburða á vegum skólans svo að vinna megi að því að tryggja öllum börnum aðgengi að félagslegu starfi grunnskólanna.